



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 25.02. 2022. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Ásta Björk Björnsdóttir, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir (fjarverandi), Jenný Ósk Óskarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Arna Rut Hjartardóttir (fjarverandi), Dröfn Sigurðardóttir, Kári Hlynsson og Bryndís Björk Guðvarðardóttir.

Dagskrá

1. Covid – afléttingar o.fl.

Öllum sóttvarnaraðgerðum var aflétt á miðnætti aðfaranótt föstudags 25. febrúar. Skólastarf er því að öllu leyti komið í eðlilegt horf þó áfram verði nemendur og starfsmenn beðnir að gæta vel að persónubundnum sóttvörnum. Sóttvarnaraðgerðir og veikindi nemenda og starfsmanna vegna covid hafa verið íþyngjandi í vetur og haft hamlandi áhrif á skólastarfið. Mest var álagið í janúar en þá voru um 150-260 nemendur frá skóla á dag auk 20-30 starfsmanna. Eins var álag vegna smitakninga mikið í janúar en 173 nemendur fengu þá covid auk fjölda starfsmanna. Það er því mikið gleðiefni að faraldurinn sé að ganga yfir þó hann sé ekki að öllu leyti yfirstaðinn. Febrúar hefur t.d. verið þungur hvað varðar fjarveru starfsmanna. Því má búast við aukinni fjarveru nemenda og starfsmanna enn um sinn.

2. Skólapúlsinn

Farið var yfir niðurstöðu mælinga frá 1. febrúar 2022. Skólinn er áfram að koma vel út þrátt fyrir erfiða tíma. Meðal annars kemur fram að nemendum líði almennt vel í Hraunvallaskóla, samband kennara og nemenda er gott og að agi og virkni nemenda í tímum er góður.

3. Fundur skólaráðs og nemendaráðs

Ákveðið var að hafa sameiginlegan fund nemendaráðs og skólaráðs 5. apríl kl. 14:30.

Fundurinn verður í Moganum. Dagskrá verður þannig að nemendaráð segir frá starfi sínu og skólaráð frá sínu starfi. Síðan verða sameiginleg hagsmunamál rædd og veitingar snæddar.

4. Netfræðsla fyrir unglिंगastig (ábyrgð og afleiðingar)

Ekki er búið að finna aðila til að taka að sér þessa fræðslu en helst er bent á aðila frá Heimili og skóla sem kom og fræddi 6. bekk fyrir í vetur. Rætt var um hvort hægt væri að fá einhvern út BUILD verkefninu til að sjá um þetta. Sara deildarstjóri ætlaði að athuga með það.

5. Húsnæðismál

Það liggur fyrir að Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla mun flytjast í lausar kennslustofur að Fléttuvöllum næsta haust. Verið er að huga að breytingum á innra skipulagi húsnæðisins í samvinnu við arkitekta og framkvæmdasvið. Unglingadeildin mun einnig fara úr lausum kennslustofum sem nefndar hafa verið Leikvellir sem munu að öllum líkindum fara aftur undir leikskólastarf. Þá er verið að vinna að því að losa tvær kennslustofur af skólalóðinni (Glæsivellir) en fá þarf formlegt samþykki frá fræðsluráði fyrir því.

6. Önnur mál

Rætt var um að kynna BULID verkefnið og fá kynningu á ÍSAT kennslu á næsta skólaráðsfundi.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland